

Kennsluáætlun

Eftirvinna

Það er mikil verkleg vinna eftir þegar heim í stofu er komið. Það þarf að skoða og teikna fiskinn, kryfja hann og greina líffæri ásamt allri vinnu við verkefni og skil. Þessi vinna ætti að taka um 2 kennslustundir.

Nemendur þurfa að vinna við uppsetningu verkefnisins og ákveða hvernig þeir ætla sér að skila því. Öll vinnublöð eiga að fylgja með verkefninu við skil.

Markmið

Að nemendur

- kynnist fiskkrufningu
- læri um innri gerð fiska og þjálfu hugtakanotkun um líffæri þeirra, útlit og aðlögun að vatni
- auki færni í öflun heimilda
- efli samvinnu og fagleg vinnubrögð.

Kveikja

Það að sjá fiskana, ásamt tækjum og tólum til krufningar er fín kveikja.

Umræður / glósur:

Sjá spurningablöð með skoðun á fiski.

Verkefni

Hver nemandi gerir vinnubók en nemendur geta þó vel unnið saman að verkefnum.

Könnun

Til gamans og einnig til að skerpa á líffæraheitum fiska má láta þau hafa mynd af fiski sem þau eiga að merkja inn á allt sem þau þekkja. Hér er fínt að nýta hópavinnu, þá ræða þau um það sem þau voru að gera og rifja betur upp. Síðan má fara yfir myndina á skjá, láta þau nefna líffærin og leiðréttu og bæta við ef þarf (sjá könnun - fiskar).